


SÆRAF EHF



Tölvuverslun  
Tölvuviðgerðir  
Rafeindabjónusta  
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is



Myndir frá  
Aldrei fór  
ég suður

— sjá bls. 4 — 5



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 31. mars 2016 · 12. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Risaeðlan á AFÉS  
Mynd: gusti.is



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG  
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Þakklæti



Súðavíkurskóli.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar.

## ÓLAFÍA ELÍSABET AGNARSDÓTTIR Ísafirði

Hjartans þakkir fær starfsfólk öldrunarsviðs FSI og á hjúkrunarheimilinu Eyri fyrir einstaka umönnun.

Sérstakar þakkir fær tónlistarfólk fyrir fallegan flutning við útförina.

**Agnar Ebenesersson**  
**Halldór Ebenesersson**  
**Kristinn G. Ebenesersson**  
**Guðrún S. Ebenesersdóttir**  
**Puríður Ebenesersdóttir**  
**Auður Kr. Ebenesersdóttir**  
**Ósk I. Ebenesersdóttir**

**Margrét Lilja Pétursdóttir**  
**Ásgerður Kristjánsdóttir**  
**Margrét B. Jensdóttir**  
**Porgeir Guðbjörnsson**  
**Magnús Snorrason**

**Sigvaldi Karlsson**  
og fjölskyldur



Það er einhvern veginn þannig að oftar er tekið eftir og sagt frá því sem miður fer heldur en því sem gott er. Ég er skólastjóri í Súðavíkurskóla og sendi dóttur mína í 10.bekk í GÍ í vetur, ástæðan var sú að hún hefði orðið eini nemandinn í 10.bekk í mínum skóla sem og að það er því miður enginn nemandi í 9.bekk hjá okkur að þessu sinni. Þetta var vel ígrunduð ákvörðun og í dag er ég þakklát og ég gæti ekki verið ánægðari með þessa ákvörðun. Það eru frábærir nemendur og starfsmenn í GÍ. Ég fór á þorablót 10.bekkinga í vetur og núna á árhátíð skólans og ég verð að segja að þetta var „TÆR SNILLD“. Allir nemendur og starfsmenn GÍ, kærar þakkir fyrir frábært skólustarf, þið eigið mikið hrós skilið.

*Kær kveðja*

*Anna Lind Ragnarsdóttir*  
Skólastjóri Súðavíkurskóla



## Lóð Edinborgarhússins, Ísafirði – Hellulögn

Dagsetning opunar: 12. apríl 2016

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Lóð Edinborgarhússins, hellulögn“.

Um er að ræða uppúrtekt, lagningu regnvatnslagna og hellulögn.

Helstu stærðir eru:

Regnvatnslagnir: 80 m

Gröftur 450 m<sup>3</sup>

Hellulögn 800 m<sup>2</sup>

Verkið skal vera að fullu lokið 15. ágúst 2016.

Útboðsgögn verða afhent hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 31. mars 2016. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 12. apríl 2016 klukkan 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Kristinn H. Gunnarsson

## – Sjónarmið –

### Orkubúsránið

Ráðning á nýjum Orkubústjóra fór af stað sem venjubundið ráðningarferli en fór út af sporinu og opinberaði áður en yfir lauk klíkuskap, blekkingarvef og spillingu. Helstu forystumenn Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum eru berir að því að líta á stöðu Orkubústjóra sem herfang eða göss sem þeir geti ráðstafað innan eigin hóps og vikið til hliðar almennum sjónarmiðum og góðum stjórnsýsluháttum. Slíkt athæfi er gjarnan nefnt spillingu. Andstaðan við spillingu kom úr þeirra eigin höndum þar sem einn sjálfstæðismaðurinn í stjórninni neitaði að taka þátt í sjónarspílinu sem sett var á svið. Það varð til þess upp komst um ráðabruggið og helstu drættir þess liggja nú ljósir fyrir.

#### Fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins

Í stjórninni eru oddviti sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ, fyrrverandi sveitarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna í Tálknafirði sem er einnig varaþingmaður flokksins í Norðvesturkjördæmi og sá þriðji er fulltrúi fjármálaráðherra, Bjarna Benedikssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Auk þessara þriggja er einn

stjórnarmaður frá Hólmavík og sá fimmti er bóndi í Öndarfirði. Sá sem var ráðinn er forystumaður Sjálfstæðisflokksins í Bolungavík.

Fulltrúi fjármálaráðherra er embættismaður í ráðuneytinu og jafnframt formaður stjórnar. Það er til þess að undirstrika að hann gengur erinda ráðherrans en ekki sjálfs sín. Embættismaðurinn hefur verið stjórnarformaður fyrir þrjá síðustu fjármálaráðherra Steingrím J. Sigfússon, Oddnýju Harðardóttur og Bjarna Benediktsson. Hlutverk formanns stjórnar er að framkvæma vilja fjármálaráðherrans.

#### Leikrit í tveimur þáttum

Það er mikill misskilningur ef menn halda að atburðarrásin hafi verið tilviljunarkennd. Svo er ekki. Það sem formaður Sjálfstæðisflokksins og forystumenn flokksins á Vestfjörðum vissu er að orkubústjóri mun fara á eftirlaun á næsta ári. Þá vill svo til að kosið verður til Alþingis og mynduð ný ríkisstjórn. Nýr fjármálaráðherra mun svo skipa nýja stjórn fyrir Orkubú Vestfjarða. Þá verður ekki víst að þeir sem nú ráða muni hafa nokkuð um ráðningu nýs Orkubústjóra að segja. Starf orkubústjóra er eftirsótt. Svo undir forystu fjármálaráðherra og

formanns Sjálfstæðisflokksins er sett atburðarrás af stað. Samið er við núverandi Orkubústjóra að hætta strax. Auðvitað hefur hann ekki hugsað sér að hætta fyrir en á næsta ári svo það þarf að semja við hann. Niðurstaðan er að hann fái leyfi en laun í 16 mánuði. Það kostar Orkubúíð um 20 milljónir króna.

Næst er að ákveða hver fái gössið í sinn hlut. Þar koma saman flokksbroddarnir á Vestfjörðum og formaður Sjálfstæðisflokksins og ráða ráðum sínum. Hvernig þetta ráðslag gekk fyrir sig væri forvitnilegt að fá upplýsingar um, kannski að forseti Alþingis geti varpað ljósi á atburðarrásina, en niðurstaðan varð að bæjarstjórnin í Bolungavík fengi starfið. Líklega hefur hann sóst eftir starfinu enda farið að hitna undir honum í Bolungavík. Þá hófst seinni þáttur leikritsins, ráðningaferlið. Starfið var auglýst og bærust 25 umsóknir. Formanni stjórnarinnar, það er sérstökum fulltrúa formanns Sjálfstæðisflokksins og varaformanni stjórnar, varaþingmanni flokksins var falið að fara yfir umsóknir og ræða við þá og hafa ráðgjafa frá Hagvangi sér til halds og trausts. Ætlunin var að hæfustu umsækjendurnir kæmu fyrir stjórn Orkubúsins sem síðan myndi taka ákvörðun. Nokkrir

umsækjendur voru teknir í viðtal en síðan fór málið út af sporinu og starfsreglur stjórnarinnar voru beygðar og brotnar. Ráðningin var keyrð í gegnum stjórnina án viðtala. Trúverðugleika stjórnar Orkubús Vestfjarða var fórnad.

Án nokkurs vafa voru Andri Teitsson og Gunnar Tryggvason langhæfustu umsækjendurnir bæði vegna menntunar og reynslu af störfum í orkugeiranum. Stjórnarformaðurinn, sem neitaði að taka þátt í leikritinu, sagði að sá sem ráðinn var hefði ekki verið í hópi hæfustu manna að sínu áliti. Orkubúi Vestfjarða var neitað um hæfasta stjórnandann.

#### Óttinn við sjálfstætt fólk

Eðlilega vekur undrun hvers vegna ráðningaferlið gekk ekki sinn gang. Þá hefði málið líklega ekki vakið neina sérstaka athygli. En fyrir því var rík ástæða. Flokksbroddarnir vissu um andstöðu bóndans í Öndarfirði. En til viðbótar vissu þeir að vegna veikinda yrði að kalla til varamann þegar að ráðningu kæmu. Sá varamaður er ekki aðeins Sjálfstæðismaður heldur sjálfstæð kona frá Ísafirði. Því var ekki að treysta að hún myndi gagnrýnislaust taka þátt í því að velja hinn smurða eftirmann. Það gæti því farið svo að tveir stjórnarmenn myndu krefjast faglegra

vinnubragða við val á næsta Orkubústjóra. Þá yrði málið orðið tæpt og enn erfiðara Sjálfstæðisflokknun. Á það mátti ekki hætta og því fór sem fór. Óttinn við sjálfstæða einstaklinga í Sjálfstæðisflokknun rak flokksbroddana í þennan ógæfuleiðangur sem endaði með úrsögn stjórnarmanns úr stjórninni og svo úr Sjálfstæðisflokknun.

#### Uppreisn gegn ránsfengs stjórnmálum

Niðurstaðan er nokkuð skýr. Útvaldir forystumenn Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum fá formann flokksins með í stjórnmál gamla stílsins. Þeir telja feita bita í opinberum stöðum vera einhvers konar verðlaunafé til þeirra sem eigi að ráðstafa innan hins útvalda hóps. En þau sjónarmið eiga ekki lengur upp á pallborðið hjá almenningi og jafnvel traustir flokkmenn gera uppreisn. Menn vilja að fagleg sjónarmið ráði.

Polandinn í málinu er Orkubúíð. Orkubúinu er gert að greiða kostnaðinn við ránsfenginn. Orkubúíð ber kostnaðinn af því að fá ekki hæfasta stjórnandann og stjórn Orkubúsins er rænd trúverðugleikanum. Þetta er Orkubúsránið.

*Kristinn H. Gunnarsson*

# Er fyrirtækið þitt fyrirmyndar?

Föstudaginn 8. apríl n.k. verður fyrirmyndardagurinn haldinn í þriðja sinn hér á landi. Fyrirmyndardagurinn er dagur þar sem fyrirtæki/stofnanir bjóða atvinnuleitendum með skerta starfsgetu að fylgja starfsmanni eftir í sínu fyrirtæki hluta úr degi. Með því fá atvinnuleitendur með skerta starfsgetu tækifæri á að kynna sér fjölbreytt starfsumhverfi og forsvarsmenn fyrirtækja fá að kynna styrkleikum hvers þátttakanda sem býr við fötlun.

Vinna og þátttaka á vinnumarkaði er öllum mikilvæg, einnig fólki sem af einhverjum ástæðum er með skerta starfsgetu. Ásamt því að þátttaka á vinnumarkaði er leið einstaklinga til að afla tekna er hún mikilvægur hluti sjálfsjáningar, sköpunarþarfar og sjálfsmyndar þar sem einstaklingurinn er virkur þátttakandi í uppbyggingu og viðhaldi samfélagsins.

Aðgengi að vinnumarkaði er misjafnt fyrir ólíka hópa en ef til vill mæta fatlaðir þó meiri hindrunum inn á vinnumarkaðinn sem oft á tíðum gerir ekki nægjanlega

råd fyrir miklum fjölbreytileika einstaklinga í samfélaginu. Það að vinnumarkaðurinn gerir ekki råd fyrir vinnuframlagi fatlaðra hefur jafnframt neikvæð efna-hagsleg áhrif því að atvinnulífið sem verður þá af vinnuframlagi fatlaðs fólks sem er mikilvægur hluti af verðmætasköpun í samfélaginu en benda má á að í desember 2014 var fjöldi einstaklinga með örorku orðinn 16.323.

Einstaklingar með skerta starfsgetu geta í sumum tilvikum aðeins unnið ákveðna verkþætti innan þeirra starfa sem vinnumarkaðurinn gerir råd fyrir og jafnvel styttri vinnutíma en almennt gerist. Á flestum vinnustöðum eru hinsvegar verkefni og verkþættir sem geta hentað fólki með mismunandi fötlun og oft er hægt að skapa hlutastörf sem hæfa starfsmönnum sem búa við skerta starfsgetu. Slík störf geta jafnframt gagnast fyrirtækjunum sem fær einstaklinga með skerta starfsgetu til að sinna ákveðnum verkefnum þannig að aðrir starfsmenn nýtast betur í öðrum verkefnum sem krefjast annarskonar getu og þekkingu.

Það að hafa fatlað fólk í starfi getur einnig haft jákvæð áhrif á vinnustaðinn. Starfsmönnum líður yfirleitt vel á vinnustöðum sem gerir råd fyrir fjölbreytileika auk þess sem að fyrirtækið fær jákvætt viðhorf samfélagsins og bætir ímynd sína út á við.

Fyrirmyndin að fyrirmyndardeginum kemur frá Atvinnu með stuðningi á Írlandi en þar hefur Job Shadow dagurinn verið haldinn frá árinu 2008 en verkefnið hefur opnað möguleika fatlaðs fólks til fjölbreyttari atvinnuþátttöku. Starfsmenn frá Atvinnu með stuðningi hjá Vinnumálastofnun heimsóttu Írland sumarið 2013 til að kynna sér verkefnið eftir að hafa hlotið styrk til mannaskiptaverkefnis í Leonardo hluta Menntaáætlunar ESB og efndu í kjölfarið til fyrirmyndardags hér á landi.

Með þessari umfjöllun vill greinarhöfundur vekja athygli forsvarsmanna fyrirtækja á *Fyrirmyndardeginum* og hvetja atvinnurekendur til að hugleiða hvort ef til vill séu til verkefni í fyrirtækinu sem gætu hentað einstaklingum með skerta starfs-



getu. Jafnframt hvort að svigrúm sé til að bjóða fötluðum einstaklingi til að koma í starfskynningu hluta úr degi á fyrirmyndardeginum föstudaginn 8. apríl n.k. Það skal taka fram í þessu sambandi að Vinnumálastofnun hefur nú tekið við umsýslu vinnusamninga öryrkja ef fyrirtæki óska eftir að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu til starfa en með slíkum samningum geta fyrirtæki fengið allt að 75% af launum öryrkja sem ráðinn er endurgreiddan. Mögulegt er að gera vinnusamninga um störf sem jafnvel eru aðeins innt af

hendi fáa tíma í viku.

Ef vilji og áhugi er fyrir hendi til að taka þátt í fyrirmyndardeginum, ráða einstaklinga með skerta starfsgetu til starfa eða fá upplýsingar um eitthvað af framangreindu er fyrirtækjum bent á að setja sig í samband við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum í síma 5154800 eða með tölvupósti á [vestfiridir@vmst.is](mailto:vestfiridir@vmst.is). Tökum sameiginlega þátt í að skapa fyrirmyndarsamfélagið og verum til fyrirmyndar!

*Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum*

## Framtíðarstarf á Ísafirði

- hjá frábæru þjónustufyrirtæki.

Bílaleiga Akureyrar leitar að metnaðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund til að annast útibú fyrirtækisins á Ísafirði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Æskilegir eiginleikar umsækjenda eru:**

- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar.
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu.
- Gilt ökuskríteini, stundvísi og hreint sakavottorð.

Upplýsingar um starfið veitir Geir Kristinn Aðalsteinsson, Mannauðsstjóri í síma 461-6002 eða [geir@holdur.is](mailto:geir@holdur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2016. Umsóknir sendist á netfangið: [atvinna@holdur.is](mailto:atvinna@holdur.is)

Mikilvægt að ferilskrá og mynd fylgi umsóknum.

Höldur ehf. - Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með tuttugu afgangslustaði um land allt. Hjá fyrirtækinu starfar stór og afar samhentur hópur starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.



Þínar þarfir - okkar þjónusta



**Útgefandi:** Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Gerum þetta betur

Stöðugleikaskattur – rosa hár – rosa harður Sigmundur að semja við kröfuhafa, stöðugleikaframlag – ekki eins rosa hátt en Sigmundur samt rosa harður að semja. Það þarf svakalega hörku til semja við þessa kröfuhafa sko. Eða hvað, var hann að semja við sjálfan sig! Er það rosa erfitt?

Heiðarlegir stjórnáamenn hljóta að setja hnefann í borðið og segja hingað og ekki lengra. Það er ekki út af engu sem lög og reglur um hagsmunaskráningu eru sett, það er ekki út af engu sem það þykir eðlilegt að allir hagsmunir stjórnáamanna séu upplýstir, og þeim gert að upplýsa. Það er, gott fólk, til að lágmarka hættu á spillingu. Það eru margir fletir á hinu stóra Tortólamáli hæstvirts forsætisráðherra.

Í fyrsta lagi var gerð einföld nafnabreyting á eignunum árið 2009, fram að því átti Sigmundur líka þessar eignir, að færa þær alfarið yfir á konu sína breytir engu þar um. Þetta er kattapvottur og blekkingaleikur.

Í öðru lagi eru umtalsverðar fjárhæðir geymdar í skattaskjólum, sem er eins og nafnið gefur til kynna, skjól fyrir eignir sem skattstjórn geta ekki nálgast upplýsingar um. Kannski hefur forsætisráðherrann greitt af þessum eignum skatt, kannski ekki, við getum aldrei vitað það því það er ekki hægt að nálgast upplýsingar um það, það er eðli skattaskjóla. Menn skammta sér skatta eftir því sem hentar.

Í þriðja lagi hefur forsætisráðherra farið með þessar upplýsingar eins og mannsmörð og hvergi upplýst um hagsmuni sína sem kröfuhafi (þið munið, sem hann var rosa harður að semja við). Þetta er ávísun á spillingu og það er ekki hægt að setta sig við það.

Í fjórða lagi er með ólíkindum að forsætisráðherra Íslands þyki eðlilegt að geyma eignir í skattskjólum og geri það sjálfur, þurkunarlaust. Hverjir eiga að borga skatta og bera upp samneysluna, heilbrigðiskerfið, menntakerfið, vegakerfið og laun forsætisráðherra? Bara við, þessi aumi almúgi sem engar eignir átti í útlöndum, bara stökkbreytt lán og þrælslund í gjörspilltu þjóðfélagi.

Það þarf að bæta ráðningarferla ráðherra og hafa sjálfstæða rannsóknarnefnd sem metur og rannsakar hagsmuni þeirra og hæfi, dæmin sanna að þeir geta ekki séð um þetta sjálfir, því miður.

BS

## Spurning vikunnar

Ferðu á Aldrei tónleika?

Alls svöruðu 719.

Já, reikna með því, sögðu 341 eða 47%

Nei, því miður, sögðu 185 eða 26%

Hef ekki nokkurn áhuga á þessum hávaða, sögðu 193 eða 27%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Námskeið fyrir byggingamenn

# Raki og mygla í húsum II



## ■ Hvernig á að losna við vandamálið?

Þetta er framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

**Námsmat:** 100% mæting.

**Kennarar:** Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og fagstjóri Húsa og heilsu hjá EFLU og Kristmann Magnússon byggingatæknifræðingur, mannvirkjahönnuður og húsasmiðameistari.

**Staðsetning:** Suðurgata 12, Ísafirði.

**Tími:** 14. apríl kl. 10.00 - 16.00.

**Lengd:** 10 kennslustundir.

**Fullt verð:** 20.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR:** 4.000 kr.

Skráning á idan.is

■ Skráning og nánari upplýsingar á [www.idan.is](http://www.idan.is) og í síma 590 6400.




Fræðslumiðstöð Vestfjarða





IÐAN 10 ára fræðslusetur

[www.idan.is](http://www.idan.is) - [idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)



Myndir: gusti.is



# Aldrei: Frábær klisja

Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður var haldin í þrettánda sinn um páskana og hefur fjórð sjaldan verið meira. Hátíðin hefur verið haldin á nokkrum stöðum í bænum og var hún í þetta sinn í Kampa-skemmuni við Ásgeirsgötu. Ekki viðraði með besta móti á hátíðargesti, en létu þeir það ekki á sig fá og stóðu rokkvaktina líkt og á sólríkum sumardeg. Nýja rokk-skemman sem sannaði sig sem finasti tónleikastaður, sannaði sig ekki síður sem afbragðsgott skjól fyrir norðaustan neppjuni og mátti sjá vindinn þjóta hjá útundan sér í skjólgóðu horninu.

Birna Jónasdóttir, rokkstýra var alsæl með hvernig tókst til með hátíðina í ár. „Þetta er auðvitað algjör klisja, en þetta var bara alveg frábært. Allt gekk upp og það tókst fánánlega vel til. Nýja staðsetningin alveg frábær og skemman virkaði mjög vel fyrir tónleikana.“

Birna segir að allt hafi verið

sérlega afslappað í ár, það hafi verið umtalað hversu róleg stemning einkenndi hátíðina. Hver skýringin kann að vera er ekki fyllilega ljóst en hún segir sannarlega miklu hafa munað um staðsetningu hátíðarinnar þar sem ekkert bílavesen var í ár. Einnig hafi afslappelsið verið við völd í skemmuni og ekki mikið um troðning, þar hafi litlir krakkar oftast en ekki verið fremst við sviðið og haft það gott.

## Ánægð með sparkið í rassinn

Það er mál manna að listamennirnir hafi sjaldan verið betri, hvert magnaða atriðið rak annað. Það var magnað að heyra undirtektirnar er salurinn söng við raust undir Vestfjarðasyrpu Apollo og svo ekki sé minnst á hversu fullkomlega salurinn bergmálaði Deó Ladda. Birna segir að þetta hafa kveikt með slíkum hættir upp í Ladda og

að næstu skref hljóti að vera að túra um landið með tónlistarprógramm sitt. Sykur endaði hátíðina með hvílkum stæl að gestir voru sendir í sælúvímú út í lífið að nýju að rokkhátíð lokinni.

Frammistaða Risaeðlunnar hlýtur að rata í sögubækur sem ein magnaðasta hljómsveitar-endurkoma allra tíma og segir Birna Risaeðluna sjálfa ekki hafa verið minna ánægða með sparkið sem þau fengu í rassinn til að koma sér í girinn aftur og að spila á sjálfri rokkhátíð alþýðunnar.

Birna segir listamennina almennt hafa verið hæstánægða með hátíðina og sumir listamannanna hafi verið að koma til Ísafjarðar í fyrsta sinn og ekki skilið í því að hafa ekki komið áður, því ekki var það einungis hátíðin sjálf sem gladdi listamennina svo mjög, heldur Ísafjörður í heild sinni. Aðrir koma aftur og aftur líkt og Páll

Óskar sem heldur sinn árlega dansleik á föstudaginn langa. Það vill vel til því hann hljóp í skarðið á föstudagskvöldið, er eitt atriði færðist um dag. Birna segir að Palli hafi verið frábær að stökkva til og þetta sé í annað sinn sem hann geri það með stuttum fyrirvara, en hún segir einnig magnað til þess að vita að það hafi verið úr nokkrum landsþekktum tónlistarmönnum að velja sem hefðu getað stigið inn þar sem þau voru akkúrat stödd á Ísafirði um páskana – í nafla alheimsins.

## Velgengni víða

Mikið fjölmenni var á Ísafirði um páskana og allt gistirými vel nýtt. Birna segist skjóta á að um 3000 gestir hafi sótt Ísafjörð heim um páskana og þar hafi blandast vel brottfluttir, sem og aðrir gestir sem hafa upprunavottorð annarsstaðar frá.

Sölubúð hátíðarinnar seldi í áður óþekktu magni og þar

þar höfuð og herðar yfir annan varning Aldrei-fór-ég-suður-húfan, sem var svo rjúkandi vinsæl að hún var uppselt er fyrra hátíðarkvöldið var rétt hálfnað.

Birna segist ekkert annað hafa heyrt en allir séu glaðir og ánægðir með hvernig til tókst, hún segir að hliðar-viðburðir hátíðarinnar hafi gengið mjög vel og segir að þar sé sannarlegur vaxtarbroddur og þá ekki síst í þorpunum í kringum Ísafjörð. Í ár hafi 66°Norður haldið tónleika á Suðureyri sem hafi verið afar vel sóttir og uppselt hafi verið á leiksýninguna Kardemommubæinn alla páskana. Einnig hafi fjölmargir lagt leið sína í sundlaugina í Bolungarvík, svo einhver dæmi séu tekin, „það er virkilega skemmtilegt að sjá þegar hátíðin teygir anga sína út fyrir Ísafjörð sjálfan.“

annska@bb.is



## Sportið í beinni...

### fimmtudagur 31. mars

18:30 Dominos deild karla  
19:00 Golf - PGA Tour  
19:50 Stjarnan - Valur  
20:50 Víkingur R. - ÍA  
21:10 Dominos deild karla

### föstudagur 1. apríl

18:40 QPR - Middlesbrough  
19:00 Golf - PGA Tour  
20:00 Golf - PGA Tour  
00:00 Atl Hawks - Cl Cavaliers

### laugardagur 2. apríl

11:35 Aston Villa - Chelsea  
11:55 Formúla 1: Æf. Bahrain  
13:25 Mainz - Augsburg  
13:50 WHam Utd - Cr Palace  
13:50 Norwich C - Newcastle  
13:50 Arsenal - Watford  
13:50 Bournemouth - Man C  
13:50 Stoke City - Swansea C  
14:50 Formúla 1: Tt. Bahrain  
16:20 Liverpool - Tott Hotspur  
17:00S Golf - PGA Tour  
18:20 Barcelona - Real Madrid  
18:40 Juventus - Empoli  
22:00 Golf - LPGA Tour  
22:30 Formúla E: Long Beach

### sunnudagur 3. apríl

10:25 Udinese - Napoli  
12:20 Leicester C - Southampt  
12:55 Lazio - Roma  
14:30 Formúla 1: Bahrain  
14:50 Man United - Everton  
17:00 Golf - PGA Tour  
18:40 Inter Milan - Torino  
19:00 Dominos deild karla  
22:00 Golf - LPGA Tour

### mánudagur 4. apríl

18:30 Dominos deild karla  
21:00 Messan  
21:10 Dominos Körfuboltakv

### þriðjudagur 5. apríl

18:30 B Munchen - Benfica  
(Opin dagskrá)  
18:30 Barcelona - Atl Madrid  
20:45 Meistaradeildarmörkin

### miðvikudagur 6. apríl

18:30 Wolfsburg - Real Madrid  
18:30 P St. Germ - Man City  
19:00 Dominos deild karla  
19:23 Augusta Masters  
20:45 Meistaradeildarmörkin  
(Opin)

## Helgarveðrið

### Á föstudag:

Austan hvassviðri og rigning, talsverð SA- og A-lands. Hægari suðlæg átt eftir hádegi með skúrum, en rofar til fyrir norðan. Hiti 3 til 8 stig.

### Á laugardag og sunnudag:

Útlit fyrir suðaustanátt með skúrum eða slydduéljum, en bjartviðri norðanlands. Hiti 2 til 7 stig.

# Krossgátan

					GÆLA VIÐ	HVIKA	INNYFLI		TVEIR EINS	GÁIR	FUGL
				HVEL							
				BÓK-STAFUR				SÆGUR			
								SNÚA HEYI			
				TÚN					TVEIR		
									SJÁVAR-MÁL		
				ÁLETRUN							KASSI
				ÁTT				ÞUS			
				BLAÐUR				PISS			
SUNDLA								DEILA			
								EYÐA			
KNÚSAST						ÁLIT					SNÖGGUR
						ÚTUNGUN					
BOGI				JÁRNA					SAMTÖK		
				HÓTA					MISSA		
HLÓÐIR				SETT						ÓNEFNDUR	
				LABBAÐ						KIRNA	
MUNNBITI								SKAÐA			
								SKÍTUR			SKYNDI-SALA
				KLÆÐALEYSI				RÍKI			
				HLUTI FRÆVU				SJÚK-DÖMUR			
NIÐUR						SEYTLAR					TOGVINDA
						GÁSKI					
GJALDMÍÐILL				VÆNLEIKI						FARFA	VÖRUMERKI
				GILDING							SVIF
MÆTTIR								GÓNA			
YNDIS								NAFNBÓT			
RITVINNSLUFORRIT								SPJALLA			

## BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta  
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði  
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

## H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



## HEKLUSALURINN

Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

			BYTTI	HLEKKIR	UPPFYLLA	TVEIR		FLÝTIR	NIBRA
	SLÍÐUR		S	K	E	I	Ð	A	R
	TÖNG		K	E	F	I		S	Æ
	FAG		I	Ð	N			S	I
	TILDUR LJÚKA UPP		P	J	A	T			J
	↓	VERKFERI STRÍÐNI	O	T	A			R	O
REIÐ- MADUR	K	N	A	P	I			D	Ú
LÖGUR	V	A	T	N				R	A
FRÁ	A	F		A	L	G	E	R	V
FLAN	R	A	S		A	U	K		K
HYGGJA	T	R	Ú		K	L	I	F	U
	D		T	A	K	K		Á	L
HÆRRA	O	F	A	R		E	K	T	A
TVEIR EINS	L	L		M	O	R	A		E
FUGL	L	Ó	M	U	R		J	A	R
ÁVÖXTUR	A	K	A	R	N		A	R	I
STÍGANDI	R	I	S		A	F	K	I	M

Sudoku þrautir

	5		4	3				
1		4	8	6				2
	3						4	8
4		2		5	8			
5			3	9		4	8	6
6		3			4	2		5
	6		7	2	1			
7	2	9		4	3			
	4		9	8		5		7

5		9	4					
		7				6	5	
			1					
	9			6				3
	3		5			7	4	1
	7				1			2
				7	4	3		
	4	2						
9	1		6					

# Sælkerinn

## Borgaralegt lúðuplokk

Vegna útgáfu Plokkfiskbókarinnar eftir Eirík Örn Norðdahl var ákveðið að blása einum andardrætti í Sælkeri BB.

### Borgaralegt lúðuplokk

Fyrir tvo, eða einn feitan og fitnandi, borið fram í dauðhreinsuðum pípuhatt og étíð með risastórri silfurskeið á meðan úti bíða hungruð börn.

- 300 grömm smálúða
- 150 grömm kartöflur (kremja)
- 3 ansjósur
- 3 skalottlaukar smáskornir
- 3 hvítlauksgeirar
- 1 matskeið smjör
- 1 matskeið hveiti
- 250 ml rjómi
- 1/4 bolli sjerrí
- 1/4 bolli af ferskum kóríander
- Ristuð sesamfræ til að strá yfir
- Lifráenn graslaukur til að strá yfir

Lifráent lime til að kreista yfir  
Hvítur pipar og salt, hvoru-  
tveggja úr Peugeot-kvörn.

Sömu prinsipp gilda og um annan plokkfisk. Í sjálfa sér er líklegt að borgarastéttinni ofbjóði önnur eins meðferð á dýru hráefni, en þá ber að hafa í huga að borgarastéttin er úrkynjuð og hugmyndir hennar um veruleikann í litlu samhengi



### Skáldið í borgaralega girnum á heimavelli í eldhúsinu í Sjökvíst á Ísafirði.

við það sem við hin upplifum. En borgarastéttin verður líka að fá að borða, borgarastéttin má ekki svelta.

1. Borgarastéttin setur lúðuna í vatn, leyfir suðunni að koma upp, slekkur undir og leyfir henni að bíða í 10 mínútur áður en hún er veidd upp úr pottinum með gataspáða.

2. Borgarastéttin sýður kartöflurnar og nauðgar þeim, einsog lítilsverðu aumingjunum sem þær eru, í gegnum kartöflupressu.

3. Borgarastéttin sneiðir skalottlaukinn og steikir í smjörinu ásamt ansjósunum. Eða réttara sagt lætur hún brytann sinn gera það. Eftir um það bil þrjár mínútur á Borgundarhólmsklukkunni í stofunni, þegar ansjósurnar eru horfnar einsog bótagreiðsla í ótæmandi reikningahít fátækrar móður bætir brytinn við hvítlaukum, sem hann hefur kreist í gegnum

hvítlauxpressu einsog barkakýli verkalýðsstéttarinnar. Þar mallar hann í þrjátíu sekúndur.

4. Brytinn nær í flösku af fínasta sérríi húsbóndans og hellir hálfum bolla yfir laukana. Sýður það niður og bætir hveitinu við þegar það er alveg gufað upp, gerir smjörbollu (sem borgarastéttin kallar „roux“ upp á frönsku) sem steikist í stutta stund og er svo hræð út með rjómanum. Hvítu sósuna kallar borgarastéttin „béchamel“.

5. Brytinn saxar kóríanderinn út í sósuna, tuskar lúðuna saman við, einsog kjafftoran verkfallsvörð, og bætir við kartöflumúsinni.

Þetta bera þjónustustúlkurnar fram með ristudum sesamfræjum, söxuðum graslauk, lime og hverju því öðru sem hugur borgarastéttarinnar gimist. Því það sem borgarastéttin vill, það fær borgarastéttin.

# Þjónustuauglýsingar

PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS

↑  
OG  
↓

JARÐAR

Silfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og  
upplýsingar um  
réttindi og kjör  
á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)

EINDURSKOÐUN  
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRAÐFRYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.

- sjálfbær uppbygging sjávarauðlinda

**LÁGT  
VERÐ  
ALLA DAGA**

## ÓDÝR OG GÓÐ PIZZUVEISLA



**198**  
kr. 400 g

**Wewalka  
Pizzadeig**  
ferskt, 400 g



**198**  
kr. 200 g

**Bónus Pizzablanda**  
Rifinn ostur, 200 g



**198**  
kr. 430 g

**Bónus  
Pizzasósa**, 430 g



**198**  
kr. pk.

**Bónus  
Samlokuskinka**, 237 g



**359**  
kr. pk.

**Bónus  
Pepperoni**, 153 g

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**Fulleldað**  
Aðeins að hita



**998**  
kr. kg

**Ali Spareribs**  
Fulleldað, ferskt

**GOTT Á  
GRILLIÐ**



**1.598**  
kr. kg

**Ali Grísafillet**  
Kryddlegið, ferskt



**1.098**  
kr. kg

**Blandað Hakk**  
Naut/lamb, ferskt



**98**  
kr. 145 g

**Maryland Kex**  
145 g, 4 tegundir

**GOTT Á  
GRILLIÐ**



**1.998**  
kr. kg

**Íslandslamb  
Lambalærissneiðar**  
Kryddlegnar, ferskar



**3.598**  
kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**  
Ferskt



**3.798**  
kr. kg

**Íslandslamb Lambafillet**  
Kryddlegið, ferskt

**GOTT Á  
GRILLIÐ**



**3.798**  
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalund**  
Kryddud, ferskt

# BÓNUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 3. apríl eða meðan birgðir endast